



## Aðalfundur Íslandsdeildar NBD haldinn í húsakynnum Norrænafélagsins við Óðinstorg 28.10.2010 kl. 17 – 18.

Mættir: Þorvaldur S. Þorvaldsson, Þórarinn Magnússon, Smári Þorvaldsson, Hákon Ólafsson, Eyjólfur Bjarnason, Magnús K. Sigurjónsson, Ágústa Sigurjónsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Steindór Guðmundsson.

Forföll boðuðu: Ásdís Ingbórsdóttir, fráfarandi stjórnarmaður og Jóhanna Hansen, nýkjörin í stjórn.

1. Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gerði hann tillögu um að Hákon Ólafsson yrði fundarstjóri og fundarritari og var tillagan samþykkt.
2. Skýrsla stjórnar. Formaður flutti skýrslu stjórnar og lagði fram skriflega greinagerð sem fylgir fundargerðinni. Megin þættir í starfseminni voru eftirfarandi :

Ráðstefnan Norrænn Byggingardagur XXV var haldinn í Reykjavík og einnig að hluta á Akureyri árið 2005. Viðfangsefnið var “hið manngerða umhverfi“ og hana sóttu 170 manns.

Tekið var upp það nýnæmi að efna til námstefna um efni sem efst voru á baugi hverju sinni. Eftirtaldir námsstefnur voru haldnar : “Partnering“ eða nýjar samningsleiðir við framkvæmdir, Aðgengismál með áherslu á fjölbýli í eldri hverfum, og “ Blessar guð Ísland?, með undirtitli verkta- og ráðgjafamarkaður í sögulegu lágmarki.

Norrænir ráðsfundir voru haldnir árlega þar sem sameiginleg málefni voru rædd. Rit um NBD frá upphafi var gefið út í tilefni 80 ára afmælis NBD árið 2007. Var það sent öllum félögum Íslandsdeildar og jafnframt send NBD á hinum Norðurlöndunum en ritið var auk Íslensku með sænskum texta.

Að loknu máli formanns urðu nokkrar umræður og þökkuðu aðrir stjórnarmenn frábær störf Þorvaldar og ánægjulegt samstarf.

3. Reikningar. Gjaldkeri, ÞM, lagði fram og skýrði reikninga 2009. Staðan er góð, eigið fé er 4.2 milljónir og engar skuldir. Stjórnin lagði til að félagsgjöld yrðu óbreytt eða 20.000 kr fyrir einstaklinga og félög og 40.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir. Var tillagan samþykkt.
4. Kjör formanns og stjórnar. Stjórnin gerði tillögu um að Smári Þorvaldsson yrði kjörinn formaður og var hún samþykkt. Smári er sá eini úr fyrri stjórn sem heldur áfram. Smári er sérfræðingur hjá Sweco í Noregi og fulltrúi verkfræðistofunnar Kletts. Aðrir í stjórn voru kjörnir: Ágústa Sveinbjörnsdóttir, arkitekt, deildarstjóri á Borgarskipulagi Reykjavíkur, fulltrúi Reykjavíkurborgar. Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur, gæðastjóri ÍAV, fulltrúi ÍAV. Jóhanna Hansen, verkfræðingur, bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar, fulltrúi Mosfellsbæjar. Magnús K. Sigurjónsson, arkitekt, verkefnisstjóri/vefstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins, fulltrúi Framkvæmdasýslu ríkisins.
5. Önnur mál. Smári þakkaði það traust sem honum var sýnt og bauð aðra í stjórn velkomna til starfa. Eyjólfur þakkaði fyrri stjórn góð störf og lýsti sérstakri ánægju með útgáfu NBD ritsins. Taldi hann heppilegt að hafa það á heimasíðum félaga þar sem fleiri myndu þá skoða það.

Formaður bauð uppá glas af þúrtvíni við fögnuð fundarmanna. Fundi var þá formlega slitið en umræður héldu áfram á óformlegum nótum.

Hákon Ólafsson, fundarritari.

Fylgiskjöl: Skýrsla formanns.

Símar og rafræn pósthöng stjórnamanna (Ny styrelse í NBD Ísland):

Smári Þorvaldsson, form., tel. 354 891 9964 / 47 90996776, stklettur@vortex.is / smari.thorvaldsson@sweco.no

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, tel. 354 411 3022 / 354 698 5219, agusta.sveinbjornsdottir@reykjavik.is

Eyjólfur Bjarnason, tel. 354 693 4258 / 354 530 4258, eb@iav.is

Magnús K. Sigurjónsson, tel. 354 569 8930 / 354 893 9930, magnus.s@fsr.is

Jóhanna Hansen, tel. 354 693 6700 / 354 525 6700, jbh@mos.is